

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Krossaneshaga, Baldursnes 4.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 19. júní 2007 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felur í sér að byggingareitur stækkar um 3 m til austurs og 3.2 m til norðurs og suðurs. Samtals verður reiturinn þá 18 m x 45,5 m í stað 15 m x 39,05 m.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 6. júlí 2007,

Pétur Bolli Jóhannesson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. júlí 2007